

Skólaráð Naustaskóla

5. fundur ársins 2010 þann 26. apríl kl. 8:10

Mættir:

Skólastjóri: Ágúst Jakobsson

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Jón Stefán Baldursson, Sara Stefánsdóttir

Fulltrúar starfsmanna: Hjördís Óladóttir, Heimir Örn Árnason, Gyða Björk Aradóttir

Dagskrá og afgreiðslur:

1. **Ráðningar starfsmanna.** Skólastjóri gerði grein fyrir umsóknum um störf sem auglýst voru, umsóknarfrestur rann út 19. apríl sl. 26 umsóknir eru um tvær stöður kennara, 7 umsóknir um stöðu námsráðgjafa og 2 umsóknir um stöðu þroskaþjálfara. Skólastjóri bar fram tillögu að ráðningum í stöðurnar, tillögur ræddar en engar athugasemdir gerðar. Skólastjóri mun svara umsækjendum og kynna ráðningar þegar líður á vikuna.
2. **Könnun meðal foreldra.** Lítillega rætt um niðurstöður könnunar sem gerð var meðal foreldra, svörun var ágæt og margt góðra ábendinga kom fram. Niðurstöður hafa verið gerðar aðgengilegar á heimasíðu skólans en eftir er að vinna betur úr þeim og meta þær og móta tillögur að aðgerðum í framhaldinu.

Næsti fundur skólaráðs er áætlaður föstudaginn 7. maí 2010.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 9:05

Ágúst Jakobsson ritaði fundargerð